



## Náttúrufar við Djúpadalsá

**Hörður Kristinsson og Halldór G. Pétursson**  
Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

### Greinargerð til Eyjafjarðarsveitar

Akureyrarsetri Náttúrufræðistofnunar hefur borist fyrirspurn frá Eyjafjarðarsveit um hugsanlegar náttúruminjar við Djúpadalsá en fyrirhugaðar eru virkjanaframkvæmdir við ána. Eftirfarandi greinargerð er byggð á könnun á birtum sem óbirtum gögnum stofnunarinnar en rétt er að geta þess að sérstök vettvangskönnun vegna náttúrufars við Djúpadalsá hefur ekki farið fram.

### Eldri heimildir

Ítarleg skrá um náttúruminjar í Eyjafjarðarsýslu er til í handritinu Náttúruminjaská Eyjafjarðar sem Helgi Hallgrímsson á Náttúrugripasafninu á Akureyri tók saman fyrir Svæðisskipulag Eyjafjarðar árið 1985. Þar er stutt lýsing á 560 náttúruminum í sýslunni sem Helgi taldi merkilegar og verndarverðar. Þessar lýsingar tók Helgi ýmist saman eftir gögnum annarra eða sínum eigin og auk þess sem hann skipaði þeim í flokka eftir verndargildi. Rétt er að geta þess að þessi flokkun byggði fyrst og fremst á huglægu mati Helga sjálfs. Í þeirri skrá eru minjar nr. 416 - 434 í Djúpadal og þverðölum hans. Tvær þessara minja nr. 434 Djúpadalsárgil og nr. 418 Gerðahólar og Varmhagahólar eru á því svæði sem fyrirspurnin beinist að. Ljósrit af þeim lýsingu fylgir með þessari greinargerð.

Eins og fram kemur í lýsingu neðra svæðisins (434) eru það einkum berggangar, hellisskútar, hvammar með blómstöði, fossar, og hugsanleg för eftir trjáboli í berginu sem vakið hefur athygli Helga. Á efra svæðinu (418) eru miklir framhlaupshólar báðum megin Djúpadalsár (Gerðahólar og Varmhagahólar) og gil með mörgum og gróðursælum hvömmum (Kotshvammur, Skottuhvammur, Ullarhvammur, Ketilhvammur og Langihvammur) og einum hellisskúta. Skrá Helga flokkar náttúruminjarnar í þrennt og fellur neðri hluti Djúpadalsárgils í I. flokk sem hefur hæst náttúruverndargildi en efra svæðið í II. flokk. Hvorugt þessara svæða er hins vegar á hinni opinberu náttúruminjaskrá (Náttúruverndarráð 1996).

Fyrir nokkrum árum var kannað gróðurfur og jarðfræði á hugsanlegu sorpurðunarsvæði í landi Samkomugerðis (Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson 2000) en þetta svæði er nokkru norðan við gil Djúpadalsár. Niðurstaðan af þeirri könnun var að þar leyndust ekki merkar náttúruminjar.

### Gróður

Þótt töluvert sé til af upplýsingum um gróður í framanverðum Eyjafirði í gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar eru engar upplýsingar til úr Djúpadalsárgili sérstaklega að undanskildu því sem nefnt er um blómstöð í áður nefndri náttúruminjaskrá. Ekki er vitað um neinar tegundir

blómplantna sem eru friðaðar eða á válista hvorki á þessu svæði né nokkurs staðar annars staðar svo framarlega í Eyjafirði og eru því litlar líkur á að þær finnist á þessu svæði. Minna er vitað um lágplöntur (mosa, fléttur og sveppi) og hefur mosum t.d. afar lítið verið safnað þarna.

### **Jarðfræði**

Jarðfræði þessa svæðis hefur ekki verið könnuð sérstaklega frekar en kemur fram í títtnefndri skrá Helga Hallgrímssonar. Berggrunnur á svæðinu er gerður úr basalhraunlögum og millilögum af tertíerum aldri og ókannað hvort hann inniheldur merkari náttúruminjar en annar berggrunnur á Eyjafjarðarsvæðinu. Djúpadalsárgil er ekki þekkt sem fundarstaður sérstakra steintegunda, kristalla eða holufyllinga en Eyjafjarðardalur, sunnan við, er aftur á móti þekktur fundarstaður. Því er hugsanlegt að sérstakar holufyllingar leynist í gilinu. Gildi jarðfræðiminjanna í gilinu felast fyrst og fremst í því að þær eru hluti snoturs og sérkennilegs landslags sem í sjálfu sér getur verið full ástæða til að hlífa við raski. Jarðgrunnur eða laus jarðlög í og við Djúpadalsárgil eru gerð úr jökulruðningi, framhlaups- eða berghlaupsseti auk jarðvegs. Á fyrirhuguðu lónstæði í Djúpadal eru víðáttumiklar áreyrar í dalbotninum. Úr hliðardölum og neðan við sum gilin í fjallshlíðunum ganga misgrófar og misgrónar aurkeilur fram á eyrnar.

Framhlaups- eða berghlaupshólarnir (svæði 418 - Gerðahólar og Varmhagahólar) eru taldir hafa fallið úr víðri hvilft í fjallinu vestan Djúpadals (Ólafur Jónsson 1976). Samkvæmt lauslegri könnun virðist sem framhlaupshólarnir hafi lagst yfir eldra jökulhólalandslag í mynni Djúpadals. Það landslag gæti hafa myndast lok ísaldar við jaðar jökuls úr Djúpadal en einnig má vel vera að það tengist stórum skriðjökli sem á þessum tíma skreið út úr Eyjafjarðardal. Svo virðist sem framhlaupshólarnir hafi um tíma stíflað uppi vatn í dalnum en eyrar Djúpadalsár þekja nú gamla vatnsbotninn og þar hefur áin flæmst um í aldanna rás. Viðbúið er að efnið í framhlaupshólunum sér mjög laust í sér og opið þannig að vandræði gætu orðið vegna lektar úr miðlunarlóninu.

### **Miðlunarlón og hætta á uppblæstri**

Tilgangur miðlunarlónsins í Djúpadal er að safna vatnsforða í úrkomu- eða leysingatið sem hægt er að miðla til virkjunarinnar þegar áin er vatnslítill í þurrkum. Ekki er ljóst af virkjunartilögunum hve mikið vatnsborð miðlunarlónsins í Djúpadal kemur til með að sveiflast en það fer nokkuð eftir því hve sú sveifla er mikil og á hvaða árstíma vatnsyfirborðið er í lægstu stöðu hvenær mikil hætta er á foki úr lóninu og hugsanlegum uppblæstri í nágrenninu. Viðbúið er að það jafnvægi sem nú er í setframburði í Djúpadal breytist þegar þar myndast miðlunarlón. Við strönd nýja lónsins munu setmyndanir hlaðast upp, rof hefst þar sem lónsyfirborðið liggur utan í jarðvegi og gróður neðan við vatnsborðið mun drepast. Ekki er ljóst hve mikill framburður er í Djúpadalsá úr framhluta dalsins en miðað við hve aurkeilan neðan við Branda er grófgerð er ljóst að töluvert efni berst að úr þeirri áttinni. Mestur er framburðurinn í leysingum og í mikilli úrkomu. Grófasta efnið eins og grjót, mól og sandur sest strax til og árnar koma út í lónið en fingerðara efnið berst lengra og sest til í dýpri hluta þess. Það fer svo eftir því hve mikið vatnsborðið fellur á þurrkatímum hve mikið af þessu fina efni eða moldarflögum kemur í ljós og verður þá opið fyrir veðrum og vindum. Viðbúið er að lægst geti vatnsborð orðið í miðlunarlóninu seinni part vetrar og snemma á vorin. Oft er þá þurr og vindasamt í þessum hluta Eyjafjarðar og því hugsanlegt að vindur gæti borið finasta efnið úr lóninu og komið af stað uppblæstri á svæðinu norðan við. Þar er reyndar aðallega um að ræða ræktað land og ekki ljóst hversu viðkvæmt það er fyrir uppblæstri.

Að framansögðu ætti að vera ljóst að full ástæða er að huga nánar að þessum málum. Varla hefur verið ráðist í virkjun Djúpadalsár án þess að rennslismæla hana og með því að bera þau gögn saman við veðurfarsgögn af svæðinu ætti að vera hægt að spá fyrir um vatnborðssveiflur í lóninu og hvenær og við hvaða aðstæður lægst getur orðið í því. Þá þyrfti að skoða hvar mest er hætta á rofi í gróðurþekjunni við strönd lónsins og hve flagamyndun getur orðið útbreidd. Auk þess þyrfti að komast að því hve viðkvæmt svæðið norðan við Djúpadal er fyrir uppblæstri.

### **Dýralíf**

Ekkert er vitað um dýra- eða fuglalíf í gili Djúpadalsár en miðað við hve gróðursælt það er gæti smádýralíf verið fjölbreyttara þarna en annars staðar á svæðinu.

### **Niðurstaða**

Þær litlu upplýsingar sem til eru um svæðið gefa ekki til kynna að þar finnist merkar náttúruminjar en í ljósi þess að sökkva á hluta svæðisins þykir okkur samt ástæða sé til að skoða náttúrufar á svæðinu áður en af framkvæmdum verður og þá einkum í gili. Einnig er ástæða til að kanna hvort vatnsborðssveiflur í miðlunarlóninu í Djúpadal geti orðið til þess að fingert efni úr því kæmi af stað uppblæstri í nágrenninu.

08.03.2004/HK<sub>r</sub>/HGP

### **Heimildir**

Helgi Hallgrímsson 1985: Náttúruminjaskrá Eyjafjarðarsýslu. Náttúrugripasafnið á Akureyri, handrit.

Náttúruvemdarráð 1996: Náttúruminjaskrá. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. Reykjavík 7. útgáfa. 64 bls.

Ólafur Jónsson 1976: Berghlaup. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri. 622 bls.

Starri Heiðmarsson og Halldór G. Pétursson 2000: Gróðurfur og jarðfræði í landi Hellu, Skriðulands og Samkomugerðis í Eyjafirði. Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-00013, 23 bls.

og neðan við Flóann eru rústir af eyðibýlinu Hólakoti, og mætti því kenna hólana við það og kalla Hólakotshóla. Við kotið eru nafngreindir Bláhóll og Torfhóll, en vestar eru Grjóthólar og Krókhólar. Milli hólanna eru mýrasund eða móar. (III)

416. Hlíðarhagaskálar, eru í 400-500 m h. (þ.e. skálabotninn) í fjallsöxlinni fyrir ofan Hlíðarhaga og Miklagarð. Þetta er í rauninni ein skál, en í bakhlíð hennar eru tveir áberandi hjallar, og upp af þeim rís svo fjallið í nær þver - hníptri burst, um 400 m hárrí, og smátindur á öxlinni þar fyrir ofan. Efri hjallinn í skálinni heitir Arnahjalli en Skollahjalli sá neðri. Skætur kallast björgin ofanvið hjallana. Hér er greinilega um berghlaupsskál að ræða, en varla sér móta fyrir neinum hlauphólum í hlíðinni fyrir neðan hana, svo líklega hefur hlaupið fallið fram á jökul, sem borið hefur efnið burt að mestu leyti. Þó er líklegt að eitthvað af grjóthólunum og stórgrytinu á melunum sitt hvoru megin við Skjöldarsárgilið neðra, sé héðan komið. Nokkuð af því liggur í sjálfri skálinni, og myndar þar ávala melhóla og melahjalla fram á brún hennar. Þá virðist neðri hjallinn í skálinni einnig vera úr framhlaupsefni, sem gæti hafa fallið síðar úr botni hennar, og ljóst er að lítið berghlaup hefur fallið úr klettunum ofan við efri hjallann, utantil í skálinni, og liggur urðartunga þaðan niður í skálabotninn. Smáhlaup gætu einnig hafa fallið framan úr urðarhjallanum á skálarbrúninni. (III).

417. Berghlaup við Hvassafell. Fjallið ofan við Hvassafell, sem nú kallast Hvassafellsfjall er með einlægum smáskálum, hverjum upp af annari. Sumar þeirra eru eflaust berghlaupsskálar, en greinilegust þeirra er Hraunskálin, sem er beint upp af bænum í 450-500 m h.y.s. og liggja þaðan hlaupgeirar niður yfir klettastall í fjallinu (Kletta) og niður í hlíðarrætur innan og ofan við bæinn. Þar er neðantil áberandi hóll, sem nefnist Stórhóll, en Stekkjarhólar kallast þar niður undan. Einbúi er klettur norðantil í hlaupgeiranum ?. (Sjá söguminjaskrána). Ofan við Hraunsskál eru Geldingaskálar, sem mynda hjalla í fjallinu, sem nær út á mótis við Hlíðarhagaskálar (416). Virðast þar einnig vera berghlaupsskálar, en lítið sér fyrir efninu úr þeim, og hjallinn er allvel gróinn. (III)

418. Gerðahólar og Varmhagahólar. Í mynni Djúpadals er hólabyrping mikil, beggja megin við Djúpadalsána, sem hefur brotið sér vítt og krókótt gil í gegnum þá. Vestan árinnaur heita þeir Gerðahólar, eftir Dalsgerði (ytra og syðra) sem er bær næst fyrir utan þá, en handan við ána eru þeir nefndir Varmhagahólar, eftir svæðinu umhverfis, sem Varmhagi kallast, og heyrir undir Saurbæ. (Sbr. söguminjaskrána) Hólar þessir eru berghlaup mikið úr skálum hátt uppi í fjallsöxlinni (Hvassafellsfjalli), sem Gerðaskálar nefnast. Þar eru í nokkrum þrepum, og nefnist yzta og efsta þrepið Háaskál en syðsta þrepið Syðstaskál. Hæð skálabotnanna er frá 500 til 700 m y.s. Utan eða norðan við þessar skálar, er djúpt klettagil, sem þversker fjallið, og Gerðagil nefnist. Ofan við skálarnar er um 2-300 m há hamraburst. Í beinu framhaldi af henni er mikill berggangur, sem rís upp úr hlíðarbrúninni ofan við bæinn Stóradal (líklega nefndur Höfuðskeiðarklettur), og gæti fjallið hafa klofnað um hann. Berghlaupsins sér lítinn stað í hlíðinni neðan við Gerðaskálarnar, og á það að því leyti sammerkt við Hlíðarhagahlaupið, sem fyrr var getið (nr.416) og Geldingaskálarnar.

Byrja hólarnir fyrst að ráði þegar niður kemur í fjallsrætur, í 250 m h.y.s., en hafa á hinn bóginn slengst óvenju langt yfir dalbotninn og upp í hlíðina andspænis líklega í allt að 60-70 m h., miðað við dalbotninn, enda er fallhæð hlaupsins mikil. Framjaðar hlaupsins er þó ekki vel skýr, vegna þess að það mætir þar jökulruðningshólum í Varmhaganum, en alls virðast hlauphólarnir ná yfir um 1 ferkm. svæði. Norðurkantur hlaupsins við Dalsgerðin er allhár og áberandi, og kallast Hólabrún. Smátjörn er þar uppi á brúninni. Djúpadalsvegur liggur í gegnum neðanverða Gerðahólana, og hefur raskað þeim nokkuð. Þá munu nú vera fjárhús í miðjum hólunum, ofantil. Gerðagilsáin hefur borið fram mikla aurkeilu efst í hólana og skiptist hún í tvo hluta. Fer annar niður að Gerðabæjum, en hinn í miðja hólana. Utan og ofan við aurvænginn sem að bæjunum snýr, er enn nokkuð stór hlaupunga uppi í hlíðinni, norðanvert við gilkaftinn. Gæti hún verið yngri berghlaup úr Gerðagili, en þar er slóður nokkurt utan við skálarnar, sem getur samsvarað því.

Sem fyrr segir, rennur Djúpadalsáin í sveigum í allmiklu gili í gegnum framhlaups-  
hólana. Í gili er víðir grasi grónir hvammar og tölvert blómskrúð á köflum.  
Einnig vex þar gulvíðir, loðvíðir og geithvönn, og sigurskúfur kvað finnast þar  
í klettum. Nafngreindir eru þessir hvammar, talið neðan frá: Kotshvammur (eða  
Stekkjjarhvammur), Skottuhvammur, Ullarhvammur, Ketilhvammur og Langihvammur.  
Þeir eru líklega allir að austanverðu, nema Langihvammur. Í Skottuhvammi er  
Skottuklettur (sjá söguminjaskrá), en í Ketilhvammi er hellisskúti, sem líkist  
katli. (Í Varmhaganum er laug á einum stað, uppi í hliðinni). (II)

419. Bröndugil og Bröndueyrar. Branda kallast áin sem kemur úr dalnum Branda,  
milli Litla- og Stóra-Dals. Hefur hún grafið allmikið klettagil fram úr mynni  
dalsins. Ekki munu teljandi fossar í gili. Neðan við það er geysimikill skriðu-  
eða aurvængur, sem nær langleiðina á milli bæjanna, og er líklega nefndur Bröndu-  
eyrar. Melhólar nokkrir eru við gilsmynnið, einkum að austanverðu. Gilið er þver-  
skorið af mörgum berggöngum, sem koma einnig fram í fjallinu ofan við Stóradal,  
og nefnast Strákar (Strókar), en meginstefna þeirra er norðaustur.  
Dauðsmannshóll kallast melhóll við efri gilendann, uppi á dalnum, og á þeim slóðum  
kemur Hrafnatungugil niður hliðina að norðan (NA). (III)

420. Berghlaup á Branda. Utantil á dalnum Branda, að norðanverðu, er skálhjalli  
neðantil í hliðinni (600-700 m h.y.s.), sem Skálar kallast. Hefur þar orðið smá-  
berghlaup og fallið niður í dalbotninn. Annar svipaður stallur er í suðurhlíð  
dalsins, nokkru innar. Annars er ekki vitað um sérstakar náttúruminjar á þessum  
dal. (III).

421. Berghlaup í Litladalsfjalli. Fjallið milli Hagárdals og Branda nefnist Litla-  
dalsfjall, eftir bænum Litladal, sem stendur undir því utanvert. Ofantil í fjallinu,  
í 600-700 m h.y.s. er nokkuð áberandi hjalli, sem er lík-  
lega myndaður af berghlaupum að hluta til. Yzt í fjallinu, fyrir innan og ofan  
bæinn nefnist hjallinn Bæjarskeið. Ofan við skeiðina er slóður í fjallinu, skorið  
nokkrum giljum en annars klettur og skriður. Sjálfur hjallinn er allvel gróinn,  
en neðan við hann er hliðin alpakin ruðningi, sem myndar hryggi á milli fjölda  
smágilja, sem lækir hafa myndað í hann. Gæti þarna verið um gamalt berghlaup að  
ræða. Stóraskeiða og Stóruskeiðulækur skipta fjallinu nokkurn veginn til helm-  
inga. Sitt hvoru megin við Lækjargilið, er skálarvottur í fjallinu, í sömu hæð  
og Bæjarskeiðin. Hefur lækurinn grafið djúpt gil í ruðninginn sem liggur í  
skálinni, og fellur þar niður í fossum. Innan (SV) við þetta gil eru Dranga-  
skálar ofantil í fjallinu. Er hryggur eftir endilöngum skálarbotninum, sem virðist  
vera stykki sem fallið hefur úr fjallinu án þess að molna verulega. (Líklega er  
það kallað Drangi syðst). Fram úr ytri hluta skálanna er skiðugeiri niður hliðina  
sem myndar svonefnda Selhóla niðri í brekkurótum (III)

422. Grjótárgil og Grjótártunguskriða. Grjótá kemur úr grunnum daldrögum innantil  
í Litladalsfjalli, sem Grjótártungur kallast, og hefur myndað djúpt klettagil fram  
úr þeim, en neðan við gilið er firnamikill skriðuvængur eða aúrkeila, sem áin  
hefur borið fram, og kallast Grjótár(tungu)skriða. Er hún víða stórgrýtt og lítt  
gróin, eins og nafnið bendir til, en skófagróður mikill á steinum, svo hún er  
grásvört tilsýndar. Í miðri skriðunni er stór rétt, hlaðin úr grjóti.  
Grjótártunguhóll er hrúgald nokkurt rétt neðan við gilsmynnið. Gæti hann verið  
hluti af berghlaupinu úr Drangaskálum. (III)

423. Minjar á Hagárdal. Hagárdalur gengur til norðvesturs inn úr Djúpadal, fremur  
stuttur dalur, en klöfnar innst í þrjár greinar, sem koma á mótis við Vaskárdal  
og Melrakkadal í Öxnadal (nr.277). Margir jökulbotnar eru innst í afdölum Hagárdals  
og ganga frá þeim grjótjökultungur. Afdalir þessir kallast Drög. Dálítið  
berghlaup er framan í öxlinni milli Vesturdrags og Norðurdrags Hagárdals,  
og hefur það fallið niður á breiðan stall, en ekki dreyfst mikið. Í Norðurdragini  
er allstór grjótjökull, og framan við hann þrír mjög greinilegir  
jaðargarðar, er vitna um framrásarstig hans eftir að ísöld lauk. Fram úr dalnum  
hefur Hagáin grafið sér mikið gil, Hagárgil. Það er ekki verulega  
klettótt, en neðantil í því eru áberandi rauðleit og gulleit lög (etv. líparít)  
og dökkir klettastrókar standa upp úr þeim hér og þar. Gilið mun vera allvel gróin  
á köflum. (III).

434. Djúpadalsárgil. Fyrir vestan og utan Rauðhús (eða Saurbæjarháls) fellur Djúpadalsá í allmiklu klettagili, rúmlega 1 km vegalengd. Gilið er víða gróður-sælt og í því eru nokkrir laglegir fossar og fjölbreyttar bergmyndanir m.a. nokkrir hellar, og er gilið meðal hinna merkustu í Eyjafirði.

Gilið hefst við brúna á Eyjafjarðarbraut (neðri). Þar skagar berggangur fram í það sunnan frá, þverhniptur að vestan, rauðlitaður af skófum, og kallast hann Gálgahamar (sjá söguminjaskrána). Skammt ofan við hamar þennan þversker annar berggangur gilið, og er hann samsettur af 7-8 lóðréttum lögum, um 1 m þykkum, og þverstuðluðum. Upp við ganginn að austanverðu, en vestan megin í gilinu, eru tveir miklir hellisskútar, þar sem brotótt berg hefur grafist undan þykku og heillegu hraunlagi, sem aftur myndar þak yfir skútana, slétt og gróið að ofan. Er vestari hellirinn stærri, líklega 3-4 mannhæðir fremst, um 5-10 m breiður og álíka djúpur. Í hann verður ekki komist nema yfir ána. Nefnist hann Langihellir, en neðri skútin kallast nú stundum Surtshellir, og er auðvelt að ganga í hann. Gamla brúin var stutt fyrir neðan hellana, og sjást stöplar hennar þar ennþá. Ofan við bergganginn mikla, er langur hvammur að NV-verðu í gilinu, sem Lambahvammur kallast. Þar er nú mikið blómstöð, með blágresi, geithvönn o.fl., en runnar af loðvíði, gulvíði og birki girða klettana fyrir ofan, og mynda lágvasið kjarr á nokkrum stöðum í hvamminum. (Fyrir ofan hvamminn er nú lítill blettur afgirtur, og hefur verið plantað þar nokkrum trjám.)

Ofan við þennan hvamm beygir gilið meira í suðvestur, og þar er það dýpst og hrikalegast, en klettur eru þar áberandi rauðleitir, bæði af rauðalögum milli berglaga og af skófagróðri, sem bendir til að fuglar sitji á þeim. Þar er lítill foss í ánni (nafnlaus?) og hellir sem kallast Markhúsarhellir, við Hellisnef. Austan megin í gilinu eru þarna holur í berginu, sem gætu verið fõr eftir trjá-boli. Hafa slíkar minjar ekki fundist annarstaðar í Eyjafirði svo vitað sé. Ofan við beygjuna grynmist gilið aftur, en þar nokkru ofar er hæsti fossinn í gilinu (um 10 m), sem líklega er nefndur Hróthagafoss, en berggangur mikill er langs eftir gilinu neðan við hann, austan megin. Skammt fyrir ofan fossinn er berggangur, sem myndar eins konar hlið í gilinu (girt er niður á hann að vestan). og enn ofar er lágur en breiður foss (um 5 m hár).

Umhverfi gilsins er ekki sérstakt, mest urðarhólar að austanverðu en graslendismóar að vestan. Heitir þar Hróthagi ofantil við gilið, neðan við Miklagaróshaga (sbr. nr. 415). (I-II).

435. Melgerðismelar, eru víðlend melaslétta sunnan Djúpadalsáreyra, milli Eyjafjarðarbrautar og Eyjafjarðarár, og ná suður að bænum Melgerði, sem þeir eru við kenndir. Yfirborð þeirra er í um 25 m h. y.s. og efnið víðast hvar mól eða sandur. Suður- og SA-hlið melanna er snarbrattur bakki, lítt gróinn, enda hefur Eyjafjarðarárin líklega runnið þar meðfram þeim fyrr á öldum, og sést farvegurinn enn meðfram melbrekkunni, kallaður Kíll. Þóristangi nefnist norðausturhorn melanna, er skagar fram í ána, og er aðskilinn frá aðalmelunum af lægð (Miðnesinu). Á móti Þóristanga er Arnarhóll að austanverðu við ána. Lág gengur út eftir melunum ofanvert og beygir síðan niður í gegnum þá og skiptir þeim í tvo hluta. Hún er grumofantil og raklend, kölluð Fit, en ytri endinn er dýpri og kallast Klauf. Er lág þessi sýnilega gamall árfarvegur. Nokkur vik skerast inn í syðri melana að austanverðu, og kallast ein þeirra Bäs. Einnig eru þar nokkrar hringlaga dældir sem líkjast því að vera svonefnd jökulker. Á syðri melunum er skeiðvöllur hesta-mannafélaganna í Eyjafirði, og eru þar stundum haldin hestamannamót og aðrar samkomur, en á ytri melunum var gerð flugbraut á stríðsárunum, með tilheyrandi mannvirkjum. Var hún notuð til farþegaflugs eftir stríðið, fram til um 1960, er Akureyrarflugvöllur var tekinn í notkun, en nú er þarna athafnasvæði svifflugfélags Akureyrar. Ekki hafa þessi mannvirki valdið teljandi jarðraski á melunum, en dálítill malarnám eru á tveimur stöðum í syðri melunum, við lágina. Melgerðismelar eru að líkindum forn óseyri Djúpadalsár, sem myndast hefur af fram-burði hennar út í þann Eyjafjörð sem í lok Jökultímans náði mun lengra inn í dalinn og hafði herra sjávarborð miðað við landið. Virðist eyrin hafa lokað firðinum og lón þá verið innan við hana. Því eru melarnir hinar merkustu náttúruminjar. (II).